



Reykjavíkurborg  
Menntasvið



# FRAMKVÆMD SÉRKENNSLU Í ALMENNUM GRUNNSKÓLUM



**HILDUR B. SVAVARSDÓTTIR  
SARA BJÖRG ÓLAFSDÓTTIR  
HRUND LOGADÓTTIR  
ÁGÚST 2011**

## Efnisyfirlit

---

Helstu niðurstöður .....	3
Inngangur .....	5
Sérkennslustefna skólans .....	6
Kennsluhættir í sérkennslu.....	8
Starfsfólk og verkefni sérkennslu .....	12
Talkennsla.....	16
Mat á þörf fyrir sérkennslu og árangri hennar .....	17
Lausnarteymi .....	18
Einstaklingsnámskrá .....	21
Hegðunarvandi nemenda.....	22
Annað sem tekið var fram um sérkennslu skólans.....	23
Umræða.....	24



## Helstu niðurstöður

---

- Alls tóku 36 almennir grunnskólar þátt í könnun um framkvæmd sérkennslu í almennum grunnskólum. Svipaðar kannanir voru gerðar árið 2000 og 2005.
- Sérkennslustefna skóla var oftast birt í skólanámskrá eða skólahandbók. Sérkennslustefna skóla var yfirleitt kynnt foreldrum 6 ára barna og nýjum foreldrum sem komu að skólunum og meirihluti skólanna kynnti hana einnig kennurum og öðrum starfsfólki árlega.
- Um 40% deildarstjóra sérkennslu fannst auðvelt að vinna eftir stefnu um skóla án aðgreiningar en 34% fannst það erfitt. Skortur á fjármagni, þekkingu og tíma voru helstu hindranirnar.
- Alls fengu 26% nemenda í grunnskólum Reykjavíkur sérkennslu vorið 2010 en hlutfallið var 21% árið 2005. Um 74% nemendanna fengu sérkennslu utan bekkjar.
- Hjá 31% nemenda í almennri sérkennslu var um tímabundna aðstoð að ræða en 69% fengu sérkennslu að staðaldri.
- Hæsta hlutfall nemenda í sérkennslu var í 4.bekk en 34% árgangsins fengu sérkennslu á tímabilinu. Lægst var hlutfallið í 1.bekk og 9.bekk eða 22%.
- Á yngsta stigi og miðstigi var mikil áhersla á sérkennslu í lestri, í 15 skólum var yfir 50% af sérkennslustundum á unglingsstigi varið í stærðfræði og aðstoð í íslensku var oftast 20-50% af sérkennslustundum á mið- og unglingsstigi.
- Aðrir þættir sem þjálfarir voru í sérkennslu voru t.d. félagsfærni, hreyfifærni og hegðunarmótun á yngri stigum en tungumál og almennur stuðningur við lesgreinar s.s. samfélagsfræði og náttúrufræði á eldri stigum.
- Samtals voru einstaklingsnámskrár gerðar fyrir 525 nemendur vorið 2010 en 2.351 nemandi fékk sérkennslu að staðaldri á sama tíma.
- Um 50% vinnutíma deildarstjóra/umsjónarmanns sérkennslu var varið í sérkennslu nemenda sem er aukning frá árinu 2005. Svipaður tími fór í stjórnun og áður en hlutfall tíma í greiningar og samstarf hefur dróst saman.
- Sérkennarar (utan deildarstjóra) voru starfandi í 24 skólum af 36 en einnig komu almennir kennarar, þroskaþjálfar, stuðningsfulltrúar og námsráðgjafar að kennslu og þjálfun í námsveri.
- Talkennarar störfuðu í 10-50% starfshlutfalli í 65% skólanna í samanburði við 44% skólanna árið 2005. Í hinum skólunum, utan eins, var samningur við talkennara utan skólans í gildi.
- Málþroskaskimanir voru gerðar í upphafi skólagöngu hjá 90% skólanna. Allir sögðu málþroskaskimanir gerðar í leikskólanum nýtast í skólastarfinu.
- Fjölbreyttar aðferðir voru notaðar við mat á þörf nemenda fyrir sérkennslu. Mat umsjónarkennara og niðurstöður mats eða greiningar sálfræðinga réðu mestu um hvort nemandi fékk sérkennslu á öllum stigum. Óskir foreldra voru einnig stór ákvörðunarpáttur. Niðurstöður samræmdra prófa og skimana voru nýttar á þeim aldurstigum sem við átti.
- Stuðningsteymi eða lausnarteymi störfuðu í 45% skólanna en voru í 74% skólanna árið 2005. Helstu ástæður fyrir niðurlögn þeirra að mati svarenda voru að ekki hefði reynst þörf fyrir teymið vegna annars konar samstarfs kennara.
- Umsjónarkennarar voru þeir sem helst leituðu til lausnarteyma, oftast vegna hegðunarvanda en einnig vegna bekkjarstjórnunar. Um helmingur kennara leitaði til lausnarteyma vegna námsvanda nemenda.



## Inngangur

---

Í starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík 1998 voru sett markmið um að endurskoða starfshætti og aðferðir í sérkennslu þannig að árangur yrðu sem bestur. Í framhaldi af því var gerð könnun á sérkennslu í almennum grunnskólum til að fá heildarmynd af framkvæmdinni og afla gagna fyrir framtíðarfyrirkomulag. Skýrsla þessi kom út haustið 2000<sup>1</sup> og skipaði fræðsluráð þá nefnd til að móta stefnu Reykjavíkur um sérkennslu á grunni hennar. Stefna fræðsluráðs Reykjavíkur um sérkennslu var samþykkt í fræðsluráði í október 2001 og í borgarráði 2002<sup>2</sup>. Stefnt var að því að innleiðingu væri lokið árið 2004. Árið 2005 var því á ný ráðist í könnun á sérkennslu í almennum grunnskólum sem út kom í febrúar 2006<sup>3</sup>. Tilgangur þeirrar könnunar var m.a. að leggja mat á innleiðingu stefnunnar. Megin niðurstaðan var sú að vel hefði gengið að innleiða breytingar sem snéru að ytri ramma sérkennslu, s.s. stjórnun og skipulagi, en að ýmis markmið um sérkennslu sem miðuðu að því að draga úr fjölda sérkennslunemenda, draga úr hlutfalli nemenda sem teknir væru út úr bekk til að fá sérkennslu og gerð einstaklingsnámskráa ætti lengra í land.

Vorið 2010 þegar 10 ár voru liðin frá fyrstu könnuninni á almennri sérkennslu og 5 ár frá þeirri síðustu var ákveðið að endurtaka að hluta til þessar kannanir til að leggja áfram mat á innleiðingu sérkennslustefnu borgarinnar en einnig til að afla gagna vegna endurskoðun á stefnunni sem hófst haustið 2010.

Spurningalisti var sendur til deildastjóra sérkennslu allra almennu grunnskóla Reykjavíkurborgar og bárust svör frá þeim öllum (36 skólum). Spurningalistinn tók mið af fyrri könnunum um sérkennslu sem að ofan er lýst. Spurningalistinn var sendur nokkrum deildarstjórum sérkennslu til yfirlesturs og athugasemda og voru ábendingar þeirra nýttar. Áhersla var lögð á að fá svör frá öllum almennum grunnskólum og tók gagnaöflun töluverðan tíma.

---

<sup>1</sup> Anna Ingeborg Pétursdóttir, Anna Kristín Sigurðardóttir, Arthur Morthens, Auður Hrólfisdóttir, Eyrún Ísfold Gísladóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir og Guðný Bergþóra Tryggvadóttir. 2000. *Sérkennsla í grunnskólum Reykjavíkur: Könnun á fjölda nemenda, ástæðum og framkvæmd*. Reykjavík: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

<sup>2</sup> *Stefna fræðsluráðs Reykjavíkur um sérkennslu*. 2002. Reykjavík: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

<sup>3</sup> Sigurbjörg J. Helgadóttir. 2006. *Innleiðing stefnu fræðsluráðs Reykjavíkur um sérkennslu. Könnun í almennum grunnskólum*. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkur

## Sérkennslustefna skólans

---

Stefna skólanna í sérkenndu var í öllum tilvikum aðgengileg á prenti eða heimasíðu. Spurt var hvar stefnan væri birt en merkja mátti við fleiri en einn stað. Sérkennslustefna skólanna var oftast birt í skólanámskrá eða í skólahandbók.

Tafla 1 Birting sérkennslustefnu

	Fjöldi	Hlutfall
Í skólanámskrá	25	69%
Í skólahandbók	20	55%
Á heimasíðu skólans	11	31%

Um þriðjungur svarenda sagði stefnuna birtast á öllum þremur stöðunum, þ.e. í skólanámskrá, skólahandbók og á heimasíðu. Þá sögðu 19% sérkennslustefnuna einungis birta á heimasíðu.


Stefnan var kynnt foreldrum 6 ára nemenda árlega eða oftast í 84% skólanna og nýjum foreldrum sem koma að skólanum í um 70% skólanna. Kennarar og annað starfsfólk fengu einnig a.m.k. árlega kynningu í miklum meirihluta skólanna. Kynningar fyrir skólaráðum og þjónustumiðstöðvum voru sjaldnar.

Tafla 2. Kynning sérkennslustefnu

	Árlega	Oftast	Sjaldnar	Ekki kynnt
Foreldrum 6 ára barna	81%	3%	3%	13%
Nýjum foreldrum	64%	7%	11%	18%
Kennurum	78%	8%	11%	3%
Starfsfólki	69%	6%	17%	9%
Skólaráði	52%	9%	13%	26%
Þjónustumiðstöð	32%	14%	9%	45%

Skóli án aðgreiningar hefur verið stefna Reykjavíkurborgar frá árinu 2002 þar sem virk þátttaka allra nemenda og virðing fyrir réttindum þeirra er leiðarljós reykvískra skóla. Í því felst að hverjum nemanda er mætt í námi og félagsstarfi óháð atgervi hans og stöðu. Jafnframt gefst foreldrum mikið fatlaðra barna kostur á vali um nám fyrir börn sín í sérskólum og sérhæfðum sérdeildum og stunda um 1% grunnskólanemenda nám í slíkum sérúrræðum.

Deildarskólar sérkenndu voru spurði hvernig þeim þætti starfsfólki skólans takast að framfylgja stefnu um skóla án aðgreiningar. Sögðu 39% það vera *frekar* eða *mjög auðvelt* en 34% sögðu það *frekar* eða *mjög erfitt* og 28% *hvorki né eins og sjá má á mynd 1*.



Mynd 1. Hversu auðvelt eða erfitt er að vinna samkvæmt stefnu um skóla án aðgreiningar?

Af þeim 13 sem sögðu að það væri erfitt nefndu allir skort á fjármagni sem ástæðu þess. Í 8 skólum var einnig minnst á skort á þekkingu og tíma. Í 5 skólum var nefnt að kennsluaðferðir í skólanum væru hindrun og í þremur var viðhorf starfsfólks nokkur hindrun.

## Kennsluhættir í sérkennslu

Heildarfjöldi nemenda sem fengu sérkennslu á vorönn 2010 var 3.425 eða um 26% nemenda í almennum grunnskólum í Reykjavík vorið 2010. Hér eru taldir allir þeir nemendur sem fengu sérkennslu hvort sem hún var innan bekkjar eða utan, að staðaldri eða tímabundið. Í töflu 3 má sjá skiptingu þeirra eftir árgöngum. Til samanburðar eru tölur úr könnuninni 2005 en þá fengu um 21% nemenda á vorönn sérkennslu.

Tafla 3. Fjöldi nemenda í sérkennslu eftir árgöngum

	Heildarfjöldi nemenda	Fjöldi nemenda sem fengu sérkennslu	Hlutfall nemenda sem fengu sérkennslu	Hlutfall nemenda sem fengu sérkennslu 2005
<b>1. bekkur</b>	1.353	303	22%	17%
<b>2. bekkur</b>	1.274	318	25%	24%
<b>3. bekkur</b>	1.280	380	30%	27%
<b>4. bekkur</b>	1.307	441	34%	24%
<b>5. bekkur</b>	1.399	374	27%	24%
<b>6. bekkur</b>	1.294	367	28%	24%
<b>7. bekkur</b>	1.301	321	25%	20%
<b>8. bekkur</b>	1.330	306	23%	16%
<b>9. bekkur</b>	1.407	311	22%	14%
<b>10. bekkur</b>	1.347	304	23%	17%
<b>Alls</b>	<b>13.292</b>	<b>3.425</b>	<b>26%</b>	<b>21%</b>

Í töflunni kemur fram að hlutfallslega fengu flestir sérkennslu í 4. bekk eða 34% og 30% í 3. bekk. Séu tölur bornar saman við niðurstöður 2005 má sjá að töluvert hærra hlutfall nemenda á unglíngastigi fékk sérkennslu nú 2010 en 2005.

Flestir nemendanna, eða 69%, fengu sérkennslu **að staðaldri** á tímabilinu en 31% fengu **tímabundna aðstoð** eins og sjá má í töflu 4. Samanburður á hlutfalli þeirra sem fengu sérkennslu utan bekkjar, hvort sem er tímabundna eða að staðaldri, milli ára 2005 og 2010 er einnig í töflunni.

Tafla 4. Tímalengd og staðsetning sérkennslu

	Að staðaldri, utan bekkjar		Að staðaldri innan bekkjar		Tímabundið, utan bekkjar		Tímabundið, innan bekkjar		Samantlagt hlutfall	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Utan bekkjar 2010	Utan bekkjar 2005
<b>1. bekkur</b>	101	33%	81	27%	95	31%	26	9%	64%	66%
<b>2. bekkur</b>	135	42%	75	24%	66	21%	42	13%	63%	80%
<b>3. bekkur</b>	154	41%	93	24%	100	26%	33	9%	67%	74%
<b>4. bekkur</b>	185	42%	83	19%	142	32%	30	7%	74%	82%
<b>5. bekkur</b>	184	49%	80	21%	101	27%	9	2%	77%	74%
<b>6. bekkur</b>	165	45%	74	20%	113	31%	15	4%	76%	75%
<b>7. bekkur</b>	132	41%	77	24%	92	29%	20	6%	70%	80%
<b>8. bekkur</b>	177	58%	56	18%	62	20%	11	4%	78%	80%
<b>9. bekkur</b>	204	66%	45	14%	50	16%	12	4%	82%	84%
<b>10. bekkur</b>	197	65%	53	17%	39	13%	15	5%	78%	79%
<b>Alls</b>	<b>1.634</b>	<b>48%</b>	<b>717</b>	<b>21%</b>	<b>861</b>	<b>25%</b>	<b>213</b>	<b>6%</b>	<b>73%</b>	<b>77%</b>

Í könnun á framkvæmd sérkennslu árið 2005 fengu rúmlega 77% sérkennslunemenda kennslu utan bekkjar en hlutfallið er 73% nú. Sérkennslan var algengari utan bekkjar í öllum árgöngum og átti það bæði við um sérkennslu að staðaldri og tímabundið en 73% sérkennslunnar var utan bekkjar. Hærra hlutfall nemenda á unglíngastigi fékk sérkennslu utan bekkjar en yngri nemenda.

Deildarstjórar sérkennslu voru beðnir að meta áherslur sérkennslunnar eftir aldri nemenda. Í töflunni hér að neðan má sjá fjölda skóla sem merktu við að áhersla væri lögð á þessar námsgreinar. Hafa ber í huga að af þessum 36 skólum eru 3 einungis með unglíngastig og 7 einungis yngsta stig og miðstig. Heildarfjöldi skóla með 1.-6./7. bekk er því 33 og heildarfjöldi með unglíngastig 29 skólar.

Tafla 5. Áherslur í sérkennslu – fjöldi skóla

	Lestur		Stafsetning		Íslenska		Stærðfræði	
	Utan bekkjar	Innan bekkjar	Utan bekkjar	Innan bekkjar	Utan bekkjar	Innan bekkjar	Utan bekkjar	Innan bekkjar
<b>1. bekkur</b>	26	12	2	1	-	-	7	6
<b>2. bekkur</b>	30	14	8	3	-	-	14	12
<b>3. bekkur</b>	30	13	14	6	-	-	24	15
<b>4. bekkur</b>	30	18	23	12	-	-	28	18
<b>5. bekkur</b>	28	6	-	-	29	11	29	15
<b>6. bekkur</b>	23	8	-	-	28	10	28	15
<b>7. bekkur</b>	17	6	-	-	28	11	29	14
<b>8. bekkur</b>	10	3	-	-	20	11	31	12
<b>9. bekkur</b>	12	3	-	-	20	8	23	8
<b>10. bekkur</b>	10	4	-	-	22	9	23	10

Einnig var reynt að meta **hlutfall sérkennslutíma utan bekkjar** sem færi í hverja námsgrein. Í töflu 6 má sjá fjölda þeirra skóla sem gáfu upp hlutfall sérkennslutíma sem fór í stærðfræðikennslu. Þar má sjá að í 15 skólum gat yfir 50% þess tíma sem varið var til sérkennslu á unglíngastigi verið vegna stærðfræði.

Tafla 6. Áherslur í sérkennslu – hlutfall sérkennslutíma sem varið er í stærðfræði

	< 11%	11-20%	21-30%	31-40%	41-50%	51-60%	61-70%	71-80%	81-90%	91-100%
1.-4. bekkur	3	11	10	6	4					
5.-7. bekkur	1	5	11	2	7		2	2		
8.-10. bekkur	1	1	4	3	10	5	2	3		5

Á sama hátt má sjá lestur en í 22 skólum fór 71-100% sérkennslutíma á yngsta stigi í aðstoð við lestur. Tímafjöldinn var mun minni á miðstigi og enn minni á unglíngastigi.

Tafla 7. Áherslur í sérkennslu – hlutfall sérkennslutíma sem varið er í aðstoð við lestur

	< 11%	11-20%	21-30%	31-40%	41-50%	51-60%	61-70%	71-80%	81-90%	91-100%
1.-4. bekkur		1	3	5	5	8	4	12	2	8
5.-7. bekkur	4	5	8	2	4	1		1		
8.-10. bekkur	3	3	6	2						

Á mið- og unglingastigi var spurt um hlutfall sérkennslutíma sem fór í aðstoð í íslensku. Algengast var að 21-50% af sérkennslutíma á þessum stigum færi í aðstoð í íslensku.

Tafla 8. Áherslur í sérkennslu – hlutfall sérkennslutíma sem varið er í aðstoð í íslensku

	< 11%	11-20%	21-30%	31-40%	41-50%	51-60%	61-70%	71-80%	81-90%	91-100%
5.-7. bekkur	1	2	8	5	6	3		1		
8.-10. bekkur	2	7	5	9	6			1		

Að lokum var skoðað hlutfall sérkennslutíma í stafsetningu á yngsta stigi en þar fór hlutfallið aldrei yfir 20%.

Annað sem nefnt var sem áhersluatriði í sérkennslu **utan bekkjar** var:

**1. bekkur**

Íslenska - málörvun 40  
Stafainnlögn  
Talþjálfun/hljóðavinna/málörvun  
Félagsfærni (5 nefna)  
Málörvun (3 nefna)  
Hreyfifærni  
Almennir námsörðugleikar  
Félagslegur vandi  
Hegðunarmótun  
Atferlismeðferð

**2. bekkur**

Málörvun( 3 nefna)  
Talþjálfun/hljóðavinna  
Félagsfærni (5 nefna)  
Ritun  
Fínhreyfingar  
Samfélagsfræði

**3. bekkur**

Félagsfærni (4 nefna)  
Fínhreyfingar  
Samfélagsfræði  
Ritun  
Enska

**4. bekkur**

Félagsfærni, námstækni, próftaka  
Málrækt  
Hegðunarmótun  
Félagsfærni (4 nefna)  
Náttúrufræði  
Atferlismeðferð  
Samfélagsfræði (2 nefna)  
Enska

**5. bekkur**

Félagsfærni (4 nefna)  
Stafsetning  
Námstækni, próftaka  
Hegðunarmótun  
Almenn námsaðstoð  
Enska  
Atferlismeðferð  
Samfélagsfræði (3 nefna)  
Náttúrufræði

**6. bekkur**

Félagsfærni (3 nefna)  
Námstækni, próftaka  
Samfélagsfræði (3 nefna)  
Almenn námsaðstoð  
Náttúrufræði  
Enska (3 nefna)

**7. bekkur**

Félagsfærni (2 nefna)  
Námstækni, próftaka  
Hegðunarmótun  
Almenn námsaðstoð  
Samfélagsfræði (3 nefna)  
Náttúrufræði  
Enska (2 nefna)  
Almennur stuðningur við lesgreinar

**8. bekkur**

Námstækni, próftaka  
Félagsfærni  
Enska  
Samfélagsfræði  
Almennur stuðningur við lesgreinar  
Sjálfs hjálp  
Hreyfifærni  
Náttúrufræði

**9. bekkur**

Námstækni, próftaka  
Enska  
Félagsfærni  
Samfélagsfræði  
Almennur stuðningur við lesgreinar  
Náttúrufræði

**10. bekkur**

Námstækni, próftaka  
Danska  
Félagsfærni  
Samfélagsfræði  
Starfsdeild, stuðningur við nám  
Almennur stuðningur við lesgreinar  
Hegðunarmótun  
Náttúrufræði

Færri önnur atriði voru tiltekin *innan bekkjar*, helst félagsfærni, samfélagsfræði og enska.

## Starfsfólk og verkefni sérkennslu

Allir skólarnir að einum undanskildum höfðu námsver eða sérkennsluver (hér eftir nefnt námsver) en í stefnu Reykjavíkurborgar 2002 er kveðið á um að *sérkennsluver skuli vera við hvern skóla sem miðlæg þjónusta fyrir nemendur með ýmiss konar náms- og hegðunarvanda.*

Starfsheiti þess sem stýrði starfi námsversins var oftast deildarstjóri sérkennslu eða umsjónarmaður sérkennslu (hér eftir nefnt deildarstjóri sérkennslu).

Tafla 5. Stjórnun námsvers\*

	Fjöldi
Deildarstjóri/umsjónarmaður sérkennslu	30
Sérkennari	6
Skólastjórnendur	4
Aðrir	2

\*Merkja mátti við allt sem við á

Aðrir sem komu að stjórnun námsvers voru t.d. námsráðgjafi og að teymi sinnti stjórnuninni.

Deildarstjóri sérkennslu var starfandi í 30 skólanna. 15 þeirra voru í 100% starfi, 5 í 70-80% starfi og 9 í 50-65%. Einn skóli gaf ekki upp starfshlutfall.

Eins og glögglega má sjá í töflu 6, sem sýnir verkefni deildarstjóra sérkennslu, fór stærsti hluti vinnutímans í sérkennslu nemenda, stjórnun og ráðgjöf. Önnur verkefni voru m.a. fundir með foreldrum, fundir með stjórnunarteymi, byrjendalæsi og ýmis náms- og kennslustjórn.<sup>4</sup>

Tafla 2. Verkefni deildarstjóra sérkennslu

	Hlutfall af starfi	
	2005	2010
Sérkennsla nemenda	43%	50%
Skipulagning og stjórnun	18%	23%
Ráðgjöf og/eða handleiðsla	15%	14%
Önnur verkefni	3%	6%
Greiningar	8%	4%
Samstarf við sérfræðinga innan skólans	8%	3%
Samstarf við sérfræðinga utan skólans	5%	3%

Tími deildarstjóra fer nú í auknum mæli í sérkennslu nemenda sé miðað við niðurstöður 2005 og sama á við tíma sem fer í stjórnun.

Í 64% skólanna var *reglulegt samstarf* deildarstjórans við faghópa innan skólans, s.s. í formi árganga- eða stigsfunda en annars eftir þörfum. Þá voru kynningarfundir með foreldrum einnig nokkuð algengir en hjá 22% skólanna voru þeir fastir liðir en hjá hinum voru þeir eftir þörfum. Aðrir fundir

<sup>4</sup> Ekki gáfu allir skólarnir upp hlutföll á verkefnum deildarstjóra sérkennslu. Hjá fimm skólum voru ekki gefin upp nein hlutföll og hlutfall í öðrum verkefnum var oft ekki gefið upp.

sem nefndir voru í þremur skólum voru teymisfundir og samráðsfundir vegna einstaka nemenda í tveim skólum.


Af **öðrum starfsmönnum** sem voru í námsveri skólanna voru sérkennarar starfandi í 24 skólum. Í 28 skólum sinntu almennir kennarar sérkennslu. Þroskaþjálfar störfuðu í námsverum 20 skólanna og í 25 skólum voru stuðningsfulltrúar í starfsmannahópi námsversins. Tíu skólar voru með námsráðgjafa í námsverinu. Af þeim níu sem sögðu aðra starfsmenn starfa í námsveri nefndu fjórir talkennara. Hér ber að hafa í huga að hér eru um **yfirlit starfsheita** að ræða en ekki starfshlutfall. Hlutfallsdálkurinn sýnir í hve mörgum skólum starfsmaður með viðkomandi starfsheiti er til staðar í námsveri.

Tafla 3. Fjöldi starfsfólks í námsveri, utan deildarstjóra

	Einn starfsmaður	Tveir til þrír	Fjórir til fimm	6 eða fleiri	Hlutfall skóla
<b>Sérkennari</b>	10 skólar	10 skólar	3 skólar	1 skóli	66%
<b>Almennur kennari</b>	8 skólar	14 skólar	1 skóli	4 skólar	77%
<b>Þroskaþjálfari</b>	14 skólar	6 skólar	-	-	56%
<b>Námsráðgjafi</b>	10 skólar	-	-	-	28%
<b>Stuðningsfulltrúi</b>	4 skólar	11 skólar	7 skólar	3 skólar	69%
<b>Annað starfsfólk</b>	6 skólar	2 skólar	-	1 skóli	25%


Í könnun um framkvæmd sérkennslu 2005 voru sérkennarar í 90% skólanna, sama hlutfall stuðningsfulltrúa og námsráðgjafa og nú en þroskaþjálfum hefur fjölgað frá 2005.

Í könnuninni 2005 var spurt um hlutverk þroskaþjálfara. Ákveðið var að endurtaka þá spurningu nú og þá kom í ljós að sem fyrr er meginhlutverk þeirra þjálfun nemenda með sérþarfir/fatlanir, þjálfun annarra nemenda (dróst þó nokkuð saman) og undirbúningur. Allir þroskaþjálfar komu að gerð einstaklingsnámskráa eins og árið 2005 og svo virtist sem ráðgjafarhlutverk þeirra til annarra starfsmanna og foreldra væri meira.




Mynd 2. Hlutverk þroskaþjálfara

Spurt var um formlegt samstarf innan námsvers og fram kom að reglulegir fundir væru að minnsta kosti mánaðarlega í 29 skólum, en 18 af þeim funduðu vikulega eða oftar. Í 6 skólum fundaði starfsfólk námsversins sjaldnar en mánaðarlega, jafnvel aldrei.



**Mynd 3. Formlegt samstarf eða fundir starfsfólks námsvers**


Spurt var hverjir, fyrir utan deildarstjóra sinntu ráðgjöf, samráði og samstarfi í námsverinu. Í ljós kom að sérkennarar sinntu því mest. Þroskaþjálfar komu þó einnig töluvert að slíkri vinnu og eins almennir kennarar.



**Mynd 4. Hverjir, utan deildarstjóra, sinna ráðgjöf, samráði og samstarfi í námsverinu?**

Hlutfall vinnutíma starfsmanna, utan deildarstjóra, í ráðgjöf, samráð og samstarf í námsverinu var minna en 20% hjá nær 70% af skólunum og um 21-40% hjá um 30%.

Mynd 5 sýnir hvaða þjónusta var veitt í námsverum en í nær öllum tilvikum fór sérkennsla nemenda utan bekkjar þar fram. 81% skólanna veittu þar ráðgjöf og handleiðslu og oft var þar að finna sérhæft kennslugagnasafn vegna sérkennslu. Í 64% námsveranna var þjónusta við kennslu nemenda nánast allan skólatímann. Niðurstöður eru svipaðar hér og árið 2005 en þó virðist sem ráðgjöf til kennara hafi dregist saman.




**Mynd 5. Hvers konar þjónustu veitir námsverið í skólanum?**

Annað sem var nefnt var t.d. talþjálfun/málörvun af ýmsum toga, s.s. lesnámskeið á yngra stigi og fyrir fatlaða nemendur og aðstoð við íslenskukennslu þeirra sem tala íslensku sem annað mál. Fjórir skólar nefndu að námsverið væri einnig fyrir nemendur á unglíngastigi sem annað hvort þyrftu auka aðstoð eða fá hjálp við heimanám. Þá var einn skóli með atferlisþjálfun og í öðrum var nefnt að sérstaklega væri unnið með tilfinninga- og hegðunarerfiðleika, félags- og samskiptaerfiðleika.

## Talkennsla

---

Aðgengi að talkennslu var til staðar í öllum grunnskólum borgarinnar í einhverju formi að einum skóla undanskildum. Sá skóli er eingöngu með nemendur á unglíngastigi. Í 65% skólanna var slíkur sérfræðingur starfandi við skólann í samanburði við 44% skólanna árið 2005. Um var að ræða minna en 20% stöðugildi í um helmingi þessara skóla en 21-53% stöðugildi í hinum skólunum. Í átta skólum var í gildi samningur við sérfræðing utan skólans sem hægt var að leita til eftir þörfum og í fjórum skólum var samningur við sérfræðing sem kom reglulega í skólann.



**Mynd 2. Þjónusta talkennara/talmeinafræðingsá þessu skólaári**

Svarendur voru beðnir um að meta aðgengi að talkennslu fyrir nemendur skólans og töldu tæp 70% aðgengi vera gott (þar af 25% mjög gott), 21% sögðu það vera slæmt en 12% hvorki gott né slæmt.

Þegar spurt var um fyrirkomulag talkennslu voru einstaklingstímar algengastir á öllum námsstigum en þó voru bæði hóp- og einstaklingstímar í 40% skólanna á yngsta stigi og 35% skólanna á miðstigi. Einn skóli var eingöngu með hóptíma á yngsta stigi og miðstigi. Í 38% skólanna var notast við formlegt viðmið um fjölda tíma fyrir hvert barn í talkennslu.

Í öllum tilvikum voru framburðargallar nefndir sem ástæða fyrir talkennslu fyrir nemendur skólans (88% árið 2005). Nær 70% nefndu seinkaðan málþroska<sup>5</sup> (sama hlutfall og árið 2005) og 41% nefndu stam (62% árið 2005). Fjórir einstaklingar nefndu annað.

Í um 90% skólanna voru málþroskaskimanir gerðar í upphafi skólagöngu og allir svarendur sögðu málþroskaskimanir sem gerðar væru í leikskólanum nýtast í skólastarfinu (rúmur helmingur sagði hana nýtast oft og tæpur helmingur stundum).

---


<sup>5</sup> Miðað er við minna en 65 á málþroskatöflu

## Mat á þörf fyrir sérkennslu og árangri hennar

Ýmsar leiðir voru farnar til að meta hvaða nemendur þurfa sérkennslu. Aðferðirnar voru oft mismunandi eftir aldri nemenda en þó var mat umsjónarkennara yfirleitt notað á öllum skólastigum, að einum skóla undanskildum.

Á yngsta stigi eru niðurstöður skimana mest notaðar. Í öllum skólunum að einum undanskildum var mat og greiningar sérfræðinga notaðar á yngsta stigi og einnig mat umsjónarkennara. Þá voru óskir foreldra notaðar í mati á þörf fyrir sérkennslu í 88% skólanna.

Á miðstiginu var mat umsjónarkennara og samræmd próf notuð í öllum skólunum. Þá var mat og greiningar sérfræðinga notað í öllum skólunum nema einum og mat foreldra í 90% tilvika. Á unglíngastigi var stuðst við mat umsjónarkennara í öllum skólunum og greiningar sérfræðinga notaðar í öllum skólunum nema einum. Þetta eru nær sömu niðurstöður og árið 2005.



Mynd 7. Mat á þörf fyrir sérkennslu


Spurt var hvort skólinn mæti sérstaklega færni og stöðu hvers nemenda sérkennslu. Í öllum skólum utan eins var árangur sérkennslu sérstaklega metinn fyrir hvern nemanda. Þegar spurt var hvernig matið færi fram svöruðu 9 að skoðað væri hvort markmiðum einstaklingsnámskrár væri náð. Þá sögðu 14 að símat væri unnið og skýrsla eða greinargerð gerð um hvern og einn nemenda í sérkennslu. Þá voru niðurstöður úr könnunum og prófum notaðar í 7 skólum og skimunarpróf voru sérstaklega nefnd hjá þremur svarendum.

Þá var spurt hvort að fram hafi farið formlegt mat á sérkennslu skólans og sögðu 13 að það hefði farið fram og þar af sögðu 7 að úttekt hefði verið gerð á vegum Menntasviðs og tveir nefndu foreldra-könnun á vegum Menntasviðs. Þá nefndu fjórir úttekt frá öðrum matsaðilum eða mat unnið innan skólans.

## Lausnar-teymi

Í stefnu fræðsluráðs Reykjavíkur um sérkennslu frá janúar 2002 kemur fram að *stuðningsteymi (lausnar-teymi) fyrir kennara vegna nemenda með námserfiðleika og hegðunar- og samskiptaörðugleika starfi við hvern grunnskóla auk nemendaverndarráðs.*

Í könnuninni 2005 höfðu slík teymi verið stofnuð í 25 skólum af 34 eða 74% þeirra. Vorið 2010 var lausnar-teymi starfandi í 16 skólum af 36 eða 45%.




**Mynd 8.** Er lausnar-teymi starfandi í skólanum?

Í 56% skólanna var slíkt teymi því ekki starfandi á móti 26% árið 2005. Það virðist því vera sem mörg lausnar-teymi hafi hætt störfum á síðustu árum. Svarendur voru beðnir um að nefna ástæðu þess að teymið hafi hætt störfum og nefndu 6 að það væri ekki þörf á því þar sem nemendaverndarráð<sup>6</sup> sinni nú störfum lausnar-teymis og að störf þeirra hafi skarast. Þá nefndu 8 að það væri ekki þörf á því þar sem samstarf innan skólans væri það náið og 5 nefndu að fáir hefðu sótt til lausnar-teymis þegar það var starfandi. Í tveim skólum var nefnt að það hafi verið liður í niðurskurði að leggja það niður.

Þegar spurt var hverjir ættu fast sæti í lausnar-teyminu kom fram að í 13 skólum áttu almennir kennarar fast sæti, í 10 skólum deildarstjóri sérkennslu og í 8 skólum námsráðgjafi.

<sup>6</sup> **39. gr.** Laga um grunnskóla nr. 66 frá 1995 kemur fram að í grunnskóla sé heimilt að stofna nemendaverndarráð til að samræma störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda varðandi námsráðgjöf, sérfræðiþjónustu og heilsugæslu.




**Mynd 9. Hverjir eiga fast sæti í lausnarteyminu?**

Fleiri almennir kennarar sitja nú í lausnarteymum skólanna en 2005 en færri deildarstjórar sérkennslu.


Í 10 skólum sem eru með lausnarteymi var fundað eftir þörfum en 6 skólar voru með fasta fundi og var fjöldi funda einu sinni til tvisvar í mánuði hjá flestum skólanna. Þetta er nokkuð sjaldnar en hjá lausnarteymum sem voru starfandi 2005.

Umsjónarkennarar voru þeir sem helst leituðu til lausnarteyma skólanna eins og sjá má á mynd 10 en aðrir kennara leituðu mun sjaldnar til lausnarteyma en áður.



**Mynd 10. Hverjir hafa leitað til lausnarteymisins á þessu skólaári?**

Í öllum skólunum nema einum sem voru með lausnarteymi var leitað til þeirra vegna hegðunarvanda nemenda og í um helmingi þeirra vegna bekkjarstjórnunar og námsvanda eins og sjá má á mynd 11.



**Mynd 11. Hvers vegna er leitað til teymisins?**

Dregið hefur úr öllum ástæðum nema hegðunarvanda nemenda frá 2005.

Oftast áttu almennir kennara og deildarstjórar sérkennslu frumkvæði að því að mál væru rædd í lausnarteyminu en einnig voru skólastjórar og námsráðgjafar oft nefndir.

Þá voru svarendur beðnir um að meta árangur af lausnum eða ráðleggingum teymisins og sögðu 13 af 16 árangurinn væri *frekar góður*. Tveir svarendur sögðu hann vera *hvorki góðan né slæman* og nefndu tímaskort til að hrinda lausnum í framkvæmd og slök úrræði sem ástæðu þess.

## Einstaklingsnámskrá

---

Samkvæmt stefnu fræðsluráðs Reykjavíkur um sérkennslu árið 2002 *skal gerð einstaklingsnámskrá fyrir nemendur í námsvanda*. Spurt var hversu mörgum sérkennslunemendum væri kennt samkvæmt formlegri einstaklingsnámskrá vorið 2010. Fram kom að einstaklingsnámskrár voru gerðar fyrir ákveðinn hóp nemenda í öllum skólunum að tveim undanskildum. Árið 2005 voru einstaklingsnámskrár gerðar í öllum 34 skólunum sem þá tóku þátt. Að meðaltali var einstaklingsnámskrá gerð fyrir 13 nemendur í hverjum skóla en í 5 skólum voru þetta færri en 5 nemendur og í tveimur skólum fleiri en 30 nemendur.

Samtals voru einstaklingsnámskrár gerðar fyrir 525 nemendur vorið 2010 í þeim skólum sem gáfu upp fjölda (allir nema einn) en eins og fram hefur komið í kafla um fjölda nemenda í sérkennslu fékk 2.351 nemandi sérkennslu að staðaldri á þeim tíma.

Í 25 af þeim 34 skólum sem gerðu einstaklingsnámskrá voru þær *alltaf* unnar í samstarfi við foreldra en í þremur til viðbótar var *að hluta til* samstarf við foreldra. Þetta er svipaður fjöldi og árið 2005. Í um helmingi skólanna undirrituðu foreldrar einstaklingsnámskrá.

Í meirihluta skólanna, eða um 66% þeirra, var einstaklingsnámskráin endurskoðuð tvisvar á ári og 24% þeirra þrisvar á ári. Þá voru einstaklingsnámskrárnar endurskoðaðar í fimm skólum eftir þörfum.

## Hegðunarvandi nemenda

---

Eins og áður hefur komið fram var hegðunarvandi nemenda algengasta ástæða þess að kennarar leituðu til lausnateyma. Spurt var hvort skólinn hefði sérstaka stefnu eða kerfi vegna hegðunar nemenda. Í 8 skólum var minnst á PBS og í fjórum á Uppeldi til ábyrgðar. Í 12 skólum var eftirfarandi nefnt:

- Atferlis- og hegðunarstefna skólans
- Atferlismótun
- Höfum verið með bókina "Til fyrirmyndar" og þá serstaklega með bekkjarstjórnun og skýr skilaboð
- Lausarteymi, atferlismótun og listmeðferð.
- Leiðandi uppeldisaðferðir
- Okkar eigið kerfi sem kynnt er á heimasíðuskólans.
- Olweus
- Sérhannað úrræði skólans sem heitir Áttin og var unnið í umbótavinnu.
- SMT
- Starfandi atferlisver
- Viðmið frá Menntasviði um ferli vegna hegðunarvanda.
- Vinnum með hvern og einn eftir því í hverju hegðunarvandinn lýsir sér. Skjól þar sem fram fer atferlisþjálfun. Cat kassinn er notaður sem tæki til atferlismótunar. og stöðug eftirfylgni. Fardeild kemur inn í við atferlismótun í sérstökum tilfellum.

Almennt töldu svarendur kerfið nýtast þeim nemendum sem ættu í mestum hegðunarvanda en 64% fannst það oftast nýtast og 29% stundum. Um 7% fannst kerfi/stefna skólans aldrei nýtast þessum hópi.

Af skólunum 36 sögðu svarendur í 23 að einhverjir starfsmenn skólans hefðu sérþekkingu á atferlisvanda nemenda, oftast deildarstjórar sérkennslu, aðrir sérkennarar, þroskaþjálfar og námsráðgjafar.

## Annað sem tekið var fram um sérkennslu skólans

---

Að lokum var opin spurning fyrir önnur atriði sem svarendur vildu taka fram um sérkennslu í skólanum.

- 2-10 bekkur fá til sín aukakennara. 3t á viku að staðaldri innan árgangs eru þó í sérstofu. 8-10 bekkur fær aukakennara 6 tíma á viku í stæ.
- Allmargir nemendur eru með einstaklingsmiðað námsefni inni í bekkjum undir stjórn deildastj. Skipt upp í hóp á unglíngastigi í ísl. og stæ þar sem litlir hópar fá einstaklingsmiðað námsefni.
- ART-þjálfun í samskiptum, lestrarnámskeið, lausnarmiðað nám
- Aukatímar hjá sérgreinakennurum. Nokkrir umsjónarkennarar innan árgangs hafa tíma hvor hjá öðrum. Nokkrir umsjónarkennarar eru stundum með hálfhá hóp á móti sérgrein.
- Áhersla á sveigjanleika í stuðningi og því er námsver skólans frekar opið og nem. leita þangað til að fá stuðning í ákv. námsgr eða við ákv verkefni. Einnig teymi í kringum nem sem þess þurfa og fundum reglul með foreldrum og sérfr innan og utan skólans.
- Erum með sérstaka stefnu varðandi skimanir á ynng og miðst sem við sérk leggjum fyrir yfir veturinn. Ssamfella þar sem kenn geta fylgst með framvi og framf nemenda sinna. Veitum eftirfylgd, nokkurs konar "viðvörunarbjöllur" sem klingjum þ einhverjir koma illa út og búum til úrræði í samv v. kennara
- Gæsla í frímínútum, atvinnutengt nám, aukin áhersla á list-og verkgreinar, aðstoð vegna skyndilegs hegðunarfanda, aðstoð við prófagerð og próftöku.
- Í skólanum hafa verið nýttar þær aðferðir sem Anna Lind kennir á sínum námskeiðum til að takast á við hegðunarf- og tilfinningavanda, að setja upp hvatningarkerfi fyrir nemendur.
- Í stað þess að sérkennari eða stuðningskennari komi að kennslu einstakra nemenda hefur frekar verið markmið í vetur að tauka við kennarat í hverjum árg og fækka stuðningsf. Viðbótark hafa að mati kenn aukið það svigr til stuðn við einst nem á markv hátt og með faglegri aðf. Árg. nota oft stöðvavinnu í ísl, stæ hefur eflt sjálfst vinnubr nem og gefið kenn aukið svigr til inngripa nem með námsvanda
- Lánun nem. með lestrarörðuleik. lesþj Easy tutor. Hann eykur mjög á sjálfst nem. til að komast yfir efni auk betri lesfærni og mögul. til að leiðr eigin texta. Lesprófum alla nem. í 7.bekk og þeim er fylgt í samr við for.Stuðn við nem. í stæ og ísl í 9.og 10.bekk fer að hl fram sem heimanámsaðstoð
- Mikið og öflugt foreldrastarf við foreldra m.a. reglulegir fundir, sqamskipti í tölvupósti og heimavinna er skipulögð í samráði við foreldra.
- Notum mikið aðferðir sem henta nem á einhverfurófi og með Asperger eins skipul vinnubrögð. Bútum námsefni niður í smærri ein. , sjónr stundaskrár og vísb - nem með ADHD henta þessi vinnubrögð prýðilega. Eigum ógrynni af "Ráð sem henta" Fyrir nemendur með ýmis konar frá v einsog Tourette sjá blað ...
- Sandleik, atferlisþjálfun, félagsfærninámskeið
- Sandleikur og sögugerð er oft notað sem úrræði einkum í íslenskutímum hjá skólastæðingum námsversins í öllum bekkjum. Sjá betur svar4
- Sérkennsla fyrir nemendur í sundi
- Skólinn skiptir nem í 3 hópa í 2-7 bekk eftir getu í ísl og stæ og er sú skipting stór hluti af okkar sérkennslu. Einnig rekur skólinn tvö sérkennsluver, annað f. yngra stig og hitt fyrir unglíngastig
- Stuðningsfulltrúar inni i bekk sinna ýmsum nem bæði í ísl og stæ. Erfitt að tilgreina nákvæmlega fjölda þeirra og hlutfallslega skiptingu milli greina.
- Úrræði sem kallað er smiðja ætluð nemendum sem eru í hegðunarerfiðleikum (sérkennari 19 stundir)

## Umræða

---

Meginleiðarljós stefnunnar frá 2002 er skóli án aðgreiningar og skulu skólar viðhafa sveigjanlega kennsluhætti til að mæta þörfum ólíkra nemenda í almennum bekkjum. Þannig verði, ásamt áherslu á tveggja kennara kerfi, dregið úr því að nemendur séu teknir út úr bekk eða námshópi í sérkennslu. Reyndin virðist þó vera sú að hlutfall nemenda sem fengið hefur sérkennslu hefur jafnt og þétt aukist allt frá 1999 en þá fengu 15% nemenda sérkennslu, 2005 voru það 21% nemenda sem fengu sérkennslu og 2010 var talan komin í 26% nemenda. Auk þessa kemur í ljós að í öllum árgöngum er sérkennsla algengari utan bekkjar en innan. Um leið og hlutfall nemenda sem fá sérkennslu hefur aukist hefur hlutfall nemenda sem fá tímabundna sérkennslu einnig aukist. Árið 2005 fengu aðeins 6 – 9% nemenda í 1. – 7. bekk tímabundna sérkennslu og aðeins mjög lítill hluti nemenda á unglingastigi en nú fá 31% nemenda í almennri sérkennslu tímabundna sérkennslu. Því má segja að fleiri nemendur fái sérkennslu á hverju skólaári en í styttri tíma hver, sem gefur þó vísbendingar um meiri sveigjanleika í stuðningskerfum skólanna. Auk þess hefur hlutfall sérkennslu utan bekkjar lækkað lítillega.

Í stefnunni frá 2002 eru meginhlutverk námsvera að veita ráðgjöf og stuðning til kennara, annast sérkennslu nemenda tímabundið og sérkennslu nemenda sem þurfa kennslu að stórum hluta utan bekkjar. Í þessari könnun kemur í ljós að ráðgjöf til kennara hefur minnkað auk þess sem lausnateymum fækkaði verulega. Hlutur þroskaþjálfara í ráðgjöf virðist þó hafa aukist en þeim hefur fjölgað frá 2005. Samt sem áður má í heildina ætla að heldur hafi dregið úr ráðgjöf og stuðningi námsvera fyrir kennara. Í námsverunum hefur kennsla nemenda nær allan skólatímamann aukist úr en jafnframt hefur orðið mikil aukning í gerð einstaklingsnámskráa vegna nemenda sem eru í sérkennslu að staðaldri.

Þegar skoðaður er listi yfir áhersluatriði í sérkennslu utan bekkjar, önnur en lestur, íslensku og stærðfræði, er athyglisvert að sjá að í öllum árgöngum er félagsfærni nefnd, frá einu til fimm tilvika. Athyglisvert væri að sjá slíkan lista yfir áhersluatriði sérkennslu sem fram fer innan bekkjar. Í könnuninni 2005 var undirstrikað hve jákvæð þróun hefði átt sér stað frá 2000 varðandi þekkingu, ráðgjöf og þjónustu við nemendur með samskipta- og atferlisvanda. Þá höfðu um 340 nemendur fengið skipulagða atferlisþjálfun tvö skólaár á undan auk þess sem fram kom að skólarnir hefðu sett upp margvísleg önnur sérhæfð hegðunarúrræði. Í þessari könnun kemur að vísu ekki fram fjöldi nemenda sem fær atferlisþjálfun en í öllum árgöngum er félagsfærni nefnd sem áhersla í sérkennslu utan bekkjar. Auk þess telja skólarnir upp ýmis heildstæð kerfi sem innleidd hafa verið vegna samskipta- og hegðunarvanda.

Af þeim könnunum sem gerðar hafa verið frá því að stefna fræðsluráðs um sérkennslu frá 2002 kom til framkvæmda koma fram vísbendingar um aukna fjölbreytni og sveigjanleika í sérkennslunni jafnframt því sem fleiri nemendur njóta hennar í mismunandi mæli. Þetta eru mikilvæg gögn sem nýtast við endurskoðun stefnunnar ásamt því sem þær gefa vísbendingar um hvar þurfi að skerpa áherslurnar. Þessar niðurstöður um framkvæmd sérkennslu verður áhugavert að skoða í samhengi við rannsókn sem nú er að ljúka, á starfsháttum í 20 grunnskólum í Reykjavík sem unnin er af Menntavísindasviði í samstarfi við Menntasvið. Forvitnilegt verður að sjá hvort niðurstöður varpi ljósi á hvernig sveigjanlegir kennsluhættir og almennar kennsluáðstæður hafa verið þróaðar til að mæta margbreytilegum nemendahópi í skóla án aðgreiningar.